

Ísafjarðarbær
Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar
Stjórnsýsluhúsinu Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Þorlákshöfn 5. febrúar 2022

Efni: Hafnarstræti 29, Flateyri. Grenndarkynning vegna nemendagarða. Mótmæli við fyrirhuguð áform.

Undirritaðri barst erindi Ísafjarðarbæjar nr. 2021120081, dagsett 18. janúar sl. er varðar grenndarkynningu vegna fyrirhugaðrar bygginga á nemendagörðum við Hafnarstræti 29 á Flateyri. Af erindinu að dæma ganga áformin út á að byggja tveggja hæða, 14 íbúða hús þar sem gert er ráð fyrir að allt að 28 íbúar geti haft aðsetur. Einnig verður ekki betur séð af gögnum sem erindinu fylgja, að gert sé ráð fyrir að lengd hússins verði um 30 metrar og að aðeins sé gert ráð fyrir einu bílastæði við bygginguna. Erindi Ísafjarðarbæjar greinir líka frá því að byggingarmagn sé umfram hámarks nýtingarhlutfall lóðar og að byggingin nái út fyrir byggingarreit samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Undirrituð fagnar áformum um uppbyggingu á Flateyri sem og að styrkja stoðir Lýðskólans í þorpinu. Þrátt fyrir það getur undirrituð ekki fallist á að sú bygging sem kynnt er í erindi Ísafjarðarbæjar verði samþykkt af bæjaryfirvöldum og því er efni þessa bréfs að mótmæla því. Helstu rök fyrir framangreindu eru:

- Að það sé mat undirritaðrar að lóðin að Hafnarstræti 29 beri ekki það byggingarmagn sem fyrirhugað er að nemendagarðarnir rúmi. Ljóst er að svo stór bygging mun rúmast illa á lóðinni og rýra virði nærliggjandi eigna. Núgildandi deiliskipulag gerir ekki ráð fyrir slíkri byggingu á lóðinni. Á Flateyri eru fleiri lóðir sem gætu rúmað byggingar af þessari stærð og má t.d. nefna lóð á milli Brimnesvegjar og Drafnargötu, við hlið „gömlu fjárhúsanna“.
- Að ekki verði séð hvar íbúar byggingarinnar eigi að leggja bílum sem þeim fylgja. Við núverandi aðstæður á Hafnarstræti og við Grundarstíg er oft yfir sumartímann mjög þröngt um bílastæði og ekki myndi 14 íbúða hús bæta úr þeirri stöðu. Ef rétt er að aðeins sé gert ráð fyrir einu bílastæði við bygginguna þá mun sú ráðstöfum ekki uppfylla kröfur í reglugerð nr. 1173/2012, *Reglugerð um (1.) breytingu á byggingarreglugerð, nr. 112/2012*, en samkvæmt henni ættu bílastæði að vera fleiri. Skipulagsreglur Ísafjarðarbæjar gera einnig ráð fyrir fleiri bílastæðum við svona byggingu.

Virðingarfyllt,

María Sigurðardóttir, húseigandi að Grundarstíg 26.